

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2015, fimmtudaginn 12. febrúar, var haldinn 125. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:00 og var haldinn í Klébergsskóla. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Sveinbjörn Grétarsson og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Eiríkur Hans Sigurðsson, áheyrnarfulltrúi framsóknar og flugvallarvina og Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Málefni Klébergsskóla. Lagt fram minnisblað skólustjóra Klébergsskóla varðandi það sem betur má fara í Klébergsskóla og þeirri starfsemi sem skólinn er í forsvari fyrir. Hverfisráð Kjalarness óskar bókað:

Hverfisráð Kjalarnes fer fram á að gerð verði úttekt á samrekstri íþróttamiðstöðvar, félagsmiðstöðvar og grunnskóla. Þar verði metið hvernig tilraunaverkefnið hefur komið út með tilliti til samlegðaráhrifa og möguleika á viðhaldi, uppbyggingu og þróunar.

Björgvin Þórhallsson, skólustjóri Klébergsskóla og Sigrún Anna Ólafsdóttir, deildarstjóri í Klébergsskóla tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Styrkbeiðni frá rekstrarfélagi Fólkvangs. Frestað.
3. Styrkbeiðni frá þróunarfélgi Kjalarness. Frestað.
4. Styrkjapottur hverfisráðsins. Ákveðið að auglýsa styrkbeiðnir í Kjalnesingi, Mosfellingi og á facebook síðum Græns Kjalarness og Kjalarnes.
5. Betri hverfi. Umræður og auglýsingar lagðar fram.
6. Strætósamgöngur. Ákveðið að bjóða á næsta fund 12. mars stjórnarformanni Strætó bs. og fulltrúa Reykjavíkur í stjórninni, þar sem nú er liðið ár frá fundi með stjórnarformanni þar sem miklum úrbótum var lofað sem ekki hafa komið til framkvæmda.

### Fundi slitið kl. 18:37

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Ólafur Þór Zoéga  
Guðfinna Ármannsdóttir

Sveinbjörn Grétarsson